

### 33. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 02.05 2012, kl. 14.00

---

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Þorvarður Ingimarsson og Magnhildur Björnsdóttir var mætt í stað Jóhanns Þórhallssonar sem boðaði forföll.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

#### Dagskrá:

1. Óbyggðasafn í Fljótsdal.
2. Skýrsla oddvita
3. Fjallaskarð
4. Sláturfélag Austurlands  
Bréf dags. 30.03,viðskiptaáætlun, fundargerð 15.03
5. Ársreikningur Fljótsdalshrepps fyrir árið 2011, fyrri umræða
6. Bréf
  - a) Menningarráð Austurlands 23.04
  - b) Innanríkisráðuneytið dags. 20.04
7. Umhverfisstyrkir  
Jónas Hafþór Jónasson, Litlu Grund
8. Fjárbeiðnir
  - a) Skógardagurinn mikli
  - b) ÚÍA, hjólréiðakeppni umhverfis Lagarfljót
9. Fundargerðir
  - a) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 19.04
  - b) Fundur um málefni Atvinnuþróunar sjóðs Austurlands 17.04
10. Önnur mál

1. **Óbyggðasafn í Fljótsdal.** Erindi dagss 22.04. beiðni um samstarf vegna uppbyggingar Óbyggðasafns Íslands á Egilsstöðum í Fljótsdal. Forsvarsmenn Óbyggðasafnsins gátu ekki mætt til þess að kynna erindið, stefnt er að því að þau fundi með sveitarstjórn í byrjun júní. Ákvörðun frestað.

#### 2. Skýrsla oddvita.

Á aðalfundi Barra hf 16.04 fór Jóhann varaoddviti með atkvæði og umboð Fljótsdalshrepps.

HAUST gerir allnokkrar athugasemdir við ástand húsnæðis Hallormsstaðaskóla og hvetur til úrbóta.

Í samstarfi við LV var í sl. viku kortlagt gsm samband í Fljótsdal.

Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á ýmsum þingmálum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi og snerta sveitarfélög.

Boðað hefur verið til stofnfundar AST á Reyðarfirði 8. maí n.k.

3. **Fjallaskarð.** Skoðað var minnisblað frá Verkís varðandi möguleika á kyndingu og lýsingu á skálanum, álitlegasti kosturinn sýnist vera rafstöð. Samþykkt að fela Verkís að setja saman kostnaðaráætlun varðandi uppsetningu skálanna og frágang. Óskað verður eftir tilboða frá völdum aðilum strax og kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Samþykkt að óska eftir að Minjavörður skoði gamla gangnamannaskálann í Fjallaskarði og leggi mat á endurbyggingu, þ.e falli hann undir fornleifavernd vegna aldurs. Skoðað verði í framhaldinu með endurbyggingu kofans í sumar.

#### 4. Sláturfélag Austurlands.

**Bréf dags. 30.03,viðskiptaáætlun, fundargerð 15.03.** Sláturfélag Austurlands leitar leiða til að endurfjármagna kjötvinnslu og óskar eftir að Fljótsdalshreppur auki hlut sinn í B-stofnsjóði. Nýverið hefur hlutafé í stofnsjóðnum verið lækkað um 76% og telst hlutur Fljótsdalshrepps að nafnverði nú kr. 96.000- en var áður 400.000- . Samþykkt að veita framalag kr. 304.000- til hlutafjárukningar, verður fjármagn til þess tekið af órafstöfuðu eigin fé.

#### 5. Ársreikningur Fljótsdalshrepps fyrir árið 2011. Kynnt drög að ársreikningi. Verður lagður fram til fyrri umræðu á næsta fundi.

#### 6. Bréf

- a. **Menningarráð Austurlands 23.04.** Aðalfundur haldinn í Kaupvangi Vopnafirði 11. Maí kl14.00-16.00. Kynnt. Oddviti tilnefndur sem fulltrúi sveitarfélagsins á fundinn, til vara varaoddviti.
- b. **Innanríkisráðuneytið dags. 20.04.** Varðar rafræn skil á ársreikningi 2011. Kynnt.

#### 7. Umhverfisstyrkir.

**Jónas Hafþór Jónasson, Litlu Grund.** Samþykktur hámarksstyrkur.

#### 8. Fjárbeiðnir

- a. **Skógardagurinn mikli.** Beiðni um fjárstyrk frá Félagi Skógarbænda vegna Skógardagsins mikla 23.júní. Samþykkt að styrkja félagið um kr. 70.000-
- b. **ÚÍA, hjólreiðakeppni umhverfis Lagarfljót.** Samþykkt að styrkja ÚÍA um kr. 50.000-

#### 9. Fundargerðir

- a. **Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 19.04.** Kynnt.
- b. **Fundur um málefni Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 17.04.** Kynnt.

#### 10. Önnur mál.

- a) Oddviti kynnti erindi frá Búnaðarfélaginu þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á áburðardreifara. Samþykkt að styrkja Búnaðarfélagið vegna kaupanna, en endanlegt kaupverð liggur ekki fyrir.
- b) Lárus sagði frá fundi sem hann sat á Reyðarfirði, í Vatnasvæðanefnd. Gefin verður út skýrsla í haust um ástand fráveitumála í fjórðungnum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl 17.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)